

# Forgangsráðað í þágu stöðugleika

Umsögn BHM um fjármálaáætlun 2024-2028

21. apríl 2023






Umsögn BHM um fjármálaáætlun 2024-2028 er **að mestu leyti myndræn**. Er þá leitast við að horfa á heildarmyndina fremur en að fjalla um einstaka liði í **424 blaðsíðum áætlunarinnar...**

**Í fyrstu** er fjallað um íslenska hagkerfið á öldinni og um verðmætasköpunina á tíma ríkisstjórnarinnar 2018-2022. **Því næst** eru stjórnvöld spurð fimm spurninga um forgangsröðun þeirra. **Að lokum** er fjallað um leiðir til að vinna gegn verðbólgu á breiðari grunni en þeim sem birtist í fjármálaáætlun.

**Samantekt** umsagnarinnar fylgir á næstu 2 síðum



**Fjármálaáætlun 2024-2018**

**Blaðsíða 1 af 424**

# Samantekt

Tölfræði og helsta gagnrýni





- Nær þrefalt meiri hagvöxtur:** Íslenska hagkerfið hefur vaxið nær þrefalt á við Evrópulöndin á öldinni, að meðaltali. Hagkerfið hefur þó verið nær 80% sveiflukenndara en Evrópa að meðaltali.
- Mikil efnahagsleg velmegun:** Kaupmáttarvegnar meðaltekjur eftir skatt á árinu 2022 voru hærri hér en á öðrum Norðurlöndum og aðeins hærri í Sviss, Hollandi og Bandaríkjunum í OECD samanburði. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur þó verið að dragast saman undanfarið og samdrátturinn verið sá mesti frá hrúni.
- Hagkerfi við hámarkspenslu og mun meiri hagvöxtur:** Hlutfall fyrirtækja sem starfa nærri eða umfram hámarksframleiðslugetu hefur aldrei mælst hærra en í lok árs 2022. Gangi hagvaxtarspár fyrir árið 2023 og 2024 eftir mun hagvöxtur verða langtum meiri á Íslandi en í öðrum löndum.
- Mesta hröðun í verðbólgu í alþjóðlegum samanburði:** Verðbólga á samræmdan mælikvarða hefur hvergi aukist meira hlutfallslega síðustu 6 mánuði en á Íslandi. Hefur hún verið á niðurleið í nær öllum helstu samanburðarlöndum á sama tíma.
- Fjármála- og peningastefna hafa ekki gengið í takt á öldinni:** Algengara er en ekki að hið opinbera hafi skilað halla í heildarjöfnuði þrátt fyrir mikinn hagvöxt. Fjármála- og peningastefna hafa ekki gengið í takt á öldinni.
- Ójöfnuður aukist á tíma ríkisstjórnarinnar:** Hlutdeild fyrirtækjæigenda í verðmætasköpun á einkamarkaði hefur aukist um 6% frá 2018 og jókst enn milli árána 2021 og 2022. Framleiðni hefur aukist umfram laun á einkamarkaði undanfarið og fyrirtæki hafa velt launahækkunum og/eða kostnaðarhækkunum í auknum mæli í verðlag. Margar atvinnugreinar skiluðu methagnaði á árinu 2022 og juku við hagnað sinn milli árána 2021 og 2022.
- Útþandar atvinnugreinar niðurgreiddar af stjórnvöldum:** Um helmingur af veltu ferðaþjónustunnar er í lægra skattþrepi virðisaukaskatts og stjórnvöld halda áfram með „Allir vinna“ þó svo að byggingaiðnaður hafi aldrei verið eins arðbær. Skattaívilnanir stjórnvalda skila sér í auknum mæli í hagnað atvinnugreina og ábati almennings af þeim líklega lítill nú um stundir.
- Sjávarútvegurinn mun arðbærari en aðrar greinar:** Sjávarútvegur hefur skilað alls tæplega 900 milljörðum króna í rekstrarafgang (með afskriftum) frá 2012 á föstu verðlagi og verið mun arðbærari en aðrar greinar viðskiptahagkerfisins.
- Íslendingar verja hvað minnstu til háskólastigsins í alþjóðlegum samanburði:** Íslendingar verja hvað minnstu til háskólastigsins í alþjóðlegum samanburði á hvern nemanda, þegar leiðrétt hefur verið fyrir kaupmætti.
- Fákeppni skýrir stærri hluta verðbólgu en áður:** Atvinnugreinar á einkamarkaði eru margar hverjar arðbærari en áður m.a. vegna aukinnar álagningar. Gott dæmi um þetta er eldsneytisverslun en álagning olíufélaganna hefur stórukist síðasta árið.
- Rangfærslur í umræðunni um opinbert starfsfólk:** Fjöldi opinbers starfsfólks er ekki óeðlilega mikill í sögulegu samhengi og í takt við það sem vænta mætti miðað við stöðu hagsveiflunnar. Mikið er um rangfærslur í umræðunni.



Gagnrýni BHM á fjármálaáætlun 2024-28 og stefnumótun stjórnvalda á breiðum grunni er sett fram með hliðsjón af tölfræði á fyrri síðu.

BHM tekur undir það sjónarmið að baráttan við verðbólguna sé mikilvægasta verkefnið framundan en minnir á að hlutverk hins opinbera í sveiflujöfnun er mikilvægara hér en í öðrum löndum. Ábyrg fjármálastjórn og skilvirkt samspil fjármála- og peningastefnu skiptir miklu máli og sérstaklega á tíma þenslu í hagkerfinu. Rangar ákvarðanir munu verða verðbólguhvetjandi við þessar aðstæður.

### 1. Gera þarf meira til að taka á undirliggjandi afkomuhalla, vinna gegn þenslu í hagkerfinu og styðja við peningastefnuna:

- Stjórnvöld hafa kerfisbundið veikt afkomu:** Frá 2019 hefur undirliggjandi afkoma verið veikt kerfisbundið vegna breytingar á tekjuskatti einstaklinga, lækkunar bankaskatts og tryggingagjalds, hækkunar á frítekjumarki fjármagnstekna og hækkunar á skattfrelsismarki erfðafjárskatts.
- Sumar aðgerðir stjórnvalda gætu verið verðbólguhvetjandi:** Skýra þarf af hverju ferðaþjónustan og byggingaiðnaður halda áfram að njóta skattalegra ívilnana í formi lægri virðisaukaskatts eða endurgreiðslu virðisaukaskatts. Að mati BHM eru slíkar ívilnanir óæskilegar og þensluaukandi í núverandi ástandi. Skattalegum ívilnunum skyldi aðeins beita ef fyrirséð er að ytri áhrifin réttlæti fórnarkostnað skattgreiðenda af þeim. **Afar mikilvægt** er að stjórnvöld láti ekki undan þrýstingi hagsmunaaðila varðandi lækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts í „Allir vinna“. Skoða ætti þá hvort rétt sé að hækka virðisaukaskatt í ferðaþjónustu.
- Hvernig verður veiðigjaldið endurskoðað?** Stjórnvöld þurfa að skýra þetta betur.
- Verður jafnræði í skattlagningu aukið?** Girða ætti fyrir tekjutilflutning milli launa og fjármagnstekna. Hin norræna nálgun um tvíþætt skattkerfi með hlutleysi í skattlagningu fjármagns og vinnuafls ætti að vera leiðarljós í þessum efnunum.

2. **Marka þarf langtímasýn um eflingu háskólastigsins:** BHM fagnar aukinni fjárveitingu til háskólastigsins en betur má ef duga skal. Marka þarf framtíðarsýn um eflingu háskólastigsins á breiðum grunni og auka útgjöld á hvern nemanda.

3. **Stjórnvöld efli samkeppnisinnviði:** Stjórnvöld þurfa að efla samkeppnisinnviði og kalla eftir skýringum frá fyrirtækjum m.a. frá versluninni líkt og gert hefur verið í Noregi og Svíþjóð. Nýtt verðlagseftirlit stjórnvalda er að mörgu leyti gallað og líklegt til að auka verðsamráð milli verslana fremur en að auka eftirlit með verðlagi.

Að öðru leyti vísar BHM til sjónarmiða í umsögn bandalagsins um fjárlög 2023 og umfjöllun um hagnaðardrifna verðbólgu.

# Nokkrar staðreyndir um Ísland

Íslenska hagkerfið 2000-2024

1





# Staðreynd

## Hagkerfið er efnað en óstöðugt



- i. Ísland er hávaxtarhagkerfi og íbúar þess búa við mikla velmegun í alþjóðlegum samanburði. Hagkerfið er jafnframt mun sveiflukenndara en hagkerfi þeirra landa sem við berum okkur saman við.
- ii. Hagkerfið starfar nú nærri eða umfram hámarksframleiðslugetu og fyrirséð er að svo verði áfram og verðbólguþrýstingur töluverður.
- iii. Skort hefur á aga í opinberum fjármálum á öldinni og stjórnvöld oft brugðist hlutverki sínu þegar kemur að sveiflujöfnun.



# Mesti hagvöxturinn: Hagkerfið vaxið nær þrefalt á við Evrópulöndin á öldinni



En verið 80% sveiflukenndara en hagkerfi Evrópulanda að meðaltali




Heimild. Hagstofa Íslands, OECD, Eurostat og eigin útreikningar.



# Kaupmáttarvegnar meðaltekjur e. skatt aðeins hærri í Sviss, Hollandi og Bandaríkjunum



Efnahagsleg veltækni er mikil á Íslandi í alþjóðlegum samanburði




Heimild. OECD og eigin útreikningar.

# En kaupmáttur er að dragast saman



Ekki verið jafn mikill samdráttur í kaupmætti ráðstöfunartekna á mann frá hruni





Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.



# Hagkerfið sjaldan verið eins þanið og í lok árs 2022


Verkefnið framundan er að draga úr þenslu



# Verðbólgan á fleygiferð: Mesta verðbólguhröðunin á Íslandi síðustu 6 mánuði



Hefur hlutfallslega aukist um helming síðustu 6 mánuði samanborið við fjórðungssamdrátt í Evrópu!




# Þensla heldur áfram: Miklu meiri vöxtur en í samanburðarlöndum



Hagvaxtarspár fyrir 2023 og 2024 benda til að hagkerfið muni vaxa langt umfram samanburðarlöndin

Samanlagður hagvöxtur árána 2023 og 2024




Heimild. OECD Economic Outlook og Hagstofa Íslands.

# Hið opinbera hefur oft verið rekið í halla á tíma hagvaxtar



Fjármála- og peningastefna hafa ekki gengið í takt



Heimild. Fjármálaáætlun 2024-2028 og Hagstofa Íslands.



# Ályktun

Hlutverk opinberra fjármála í sveiflujöfnun **er mikilvægara hér en í öðrum löndum.** Ábyrg fjármálastjórn og skilvirkt samspil fjármála- og peningastefnu skiptir miklu máli og sérstaklega á tíma þenslu í hagkerfinu. Rangar ákvarðanir í fjármálastjórn munu verða verðbólguhvetjandi við þessar aðstæður



# Staðreynd

## Ójöfnuður hefur aukist frá 2018

- i. Sífelld stærri hluti verðmætasköpunar rennur til fyrirtækja.
- ii. Framleiðni hefur aukist nokkuð umfram laun á tíma ríkisstjórnarinnar.
- iii. Margar atvinnugreinar skiluðu methagnaði á árinu 2022 skv. framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga.






# Framleiðni hefur hækkað nokkuð umfram laun frá 2018



Þetta hefur skapað ójöfnuð milli fjármagnseigenda og launafólks




Heimild. Hagstofs Íslands og eigin útreikningar. Átt er við launakostnað og verger þáttatekjur á vinnustund leiðrétt fyrir verðlagsþróun

# Sífelld stærr hluti landsframleiðslunnar rennur til fyrirtækja



Og framleiðni hefur aukist langt umfram laun á tíma ríkisstjórnarinnar



## Hvað sýna myndirnar?

Hlutdeild verðmætasköpunar á einkamarkaði sem rennur til fyrirtækjaeigenda hefur aukist um 6% á tíma ríkisstjórnarinnar. Samhliða hefur framleiðni þ.e. verðmætasköpun á vinnustund aukist langt umfram þróun launa.




## Ályktun

Ójöfnuður er að aukast milli launafólks og fjármagnseigenda

# Margar atvinnugreinar skiluðu methagnaði á árinu 2022



Myndirnar sýna rekstrarafgang + afskriftir í milljörðum króna á verðlagi ársins 2022



#### Hvað sýna myndirnar?

Rekstrarhagnaður án afskrifta jókst um 6% umfram verðbólgu í heild-og smásöluverslun milli árana 2021 og 2022. Aukningin í byggingariðnaði var 22% umfram verðbólgu, 41% í framleiðslu málma og 12% í sjávarútvegi.



# Ályktun

Fullyrðingar stjórn mála og atvinnulífs um skilyrðislausan skort á svigrúmi til launahækkana og ósjálfbæra launaþróun undanfarið byggja á veikum grunni. **Mörg fyrirtæki hafa velt launahækkunum og kostnaðarhækkunum í auknum mæli í verðlag** með tilheyrandi áhrifum á kaupmátt

# Forgangsröðun stjórnvalda

Fimm spurningar

2





Hér eftir koma fimm spurningar um forgangsröðun stjórnvalda. **Fyrstu tvær spurningarnar** lúta að skattaívilnunum til atvinnugreina sem starfa nærri eða umfram hámarksútsvif.

**Hinar þrjár spurningarnar** snúa að sjávarútvegi, jafnræði í skattlagningu og fjármögnun háskólastigsins



# Ferðapjónustan


Af hverju er stór hluti veltu í lægra skatthlutfalli virðisaukaskatts?



# Helmingur af veltu ferðáþjónustunnar er í lægra virðisaukaskattsþrepi, af hverju?



Meðan meðaltalið í viðskiptahagkerfinu er 20%




Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.



# Vægi ferðaþjónustu í verðmætasköpun er óvída meiri en á Íslandi



Hlutdeild ferðaþjónustugreina í verðmætasköpun aðeins hærri á Kýpur og í Grikklandi




Heimild. Hagstofan, Eurostat og eigin útreikningar

# Greinin er óðum að ná fyrri styrk eftir heimsfaraldur

Hvað réttlætir skattalegar ívilnanir til ferðaþjónustu umfram aðrar greinar?



Velta í milljörðum króna, verðlag 2022



Heimild. Hagstofan og eigin útreikningar.




# Byggingaiðnaður

Telja stjórnvöld “Allir vinna”  
réttlæt看legt við núverandi aðstæður?



# Byggingariðnaður hefur séð metafkomu ár eftir ár

Skýr merki um mikla þenslu í greininni





Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

# Greinin hefur aldrei verið eins arðbær



Er réttlætanlegt að stjórnvöld niðurgreiði atvinnugreinina við þessar aðstæður?





Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

# Skýr merki um mikla framleiðsluspennu í byggingariðnaði



Líklega sú grein sem býr við mesta framleiðsluspennu af öllum atvinnugreinum





# Sjávarútvegur


Hvernig verður veiðigjaldið  
endurskoðað?



# Hvernig verður veiðigjaldið endurskoðað?



Sjávarútvegurinn er mun arðbærari en aðrar atvinnugreingar



Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar






# Jafnræði í skattlagningu

Ætla stjórnvöld að girða fyrir  
tekjutilflutning?





Í umsögn BHM um fjárlög 2023 var bent á að þegar tekið hefur verið tillit til skatts á hagnað lögaðila og síðan skatts á fjármagnstekjur er heildarskattlagning um 38% á móti 46% í kerfi tekjuskatts launa. Um leið er ekki greitt tryggingagjald af útgreiddum arði. Girða ætti fyrir tekjutilflutning milli launa og fjármagnstekna. Hin norræna nálgun um tvíþætt skattkerfi með hlutleysi í skattlagningu fjármagns og vinnuafls ætti að vera leiðarljós í þessum efnum.



## Fjárlög á ári kjarasamninga

Frumvarp til fjárlaga 2023  
Umsögn BHM - 10. október 2022





# Fjármögnun háskóla

Telja stjórnvöld nóg gert?







BHM fagnar því að stjórnvöld hyggist auka framlög til háskólastigsins. Ólíklegt er þó að það dugi og sérstaklega í **ljósi fjársveltis á háskólastigi síðasta áratug**. Um þetta er fjallað á næstu síðu

# Hungurleikar háskólastigsins?




Íslendingar hafa varið mun minna til háskólastigsins en önnur lönd um árabíl



Heimild. Eursotat og eigin útreikningar.

# En verja miklu meira til barnaskólastigsins en önnur lönd

Rétt forgangsröðun?



Heimild. Eurostat og eigin útreikningar.

# Verðbólgan á öðrum vígstöðvum

Vinna þarf gegn fákeppni á mörkuðum

3



# Stjórnvöld verða að styrkja samkeppnisinnviði



Baráttan við verðbólguna verður að mestu háð utan fjármálastefnu til skamms tíma. Stjórnvöld þurfa að veita fákeppnisálagningu meiri athygli og styrkja samkeppnisinnviði. **Hér verður fjallað stuttlega um hagnaðardrifna verðbólgu sem BHM hefur vakið athygli á í vetur**

## Hagnaðardrifna verðbólgan

**Fríðrik Jónsson**  
formaður BHM

**Vilhjálmur Hilmarsson**  
hagfræðingur BHM

Þegar hagfræðingar samtímans eru spurðir um sambergi verðmyndunar og ástæður verðbólgu eftir heimatíðar eru svörin flest á öms leið. Hóla í aðfangið, tekjum vanta á heimavísu, aukning þróingargæms í umfrétt, spænaður í heimsfaraldri, Okratismaríð, stíðberingur verðbólguvatniga og verðlag og óþjálfuvar launabólkaði. Er það hending að verðbólu séfu þátt fálappur, þóþak verðbóluatíð fyrirtækja og aðra álagningu í verð vöru og þjónustu.

Samkvæmt nýjri hagnaðaróko Rosoveit hagnettunnar í Bandaríkjunum voru hagnaðamíkur fyrirtækja þar í Land þar harnu í gú áranu í árinu 2021. Álagning fyrirtækja hefur jafnframt dika mátt harnu í áranu á sama tíma og verðbólgan sár þjóvutú ára hármarki. Nýr hagtak hefur rutt sér til rúms í umræðunni. Jagnaðardrifin verðbólga. En getur verð að dika eigi einnig völd á Íslandi. Er verðbólgan hagnaðardrifin að hína? Rekarnettóingur fyrirtækja gefa okkur áskóðar vísendingar.

**Methagnaður í viðskiptahagkerfinu og álagning virðist á uppléið**

Samkvæmt máti BHM verður samanlagður rekstrarhagnaður í viðskiptahagkerfinu (EBIDTA) á bilinu 790-980 milljarða króna á árinu 2022 samanborið við 840 milljarða króna á mestárinu 2021. Hagnaðarókonan á árinum 2021 og 2022 eru þess hárta á öldinni, hvort sem lítið er til rekstrarhagnaðar í fötu virðlaga eða í hlutfalli við landsframléiðslu. Vísendingar eru um að aukinn hagnað megi að hluta skýra með hækkanu álagningu á verðbólguárinum. Hætt er við að launahækkanir verði notaðar sem tyllíástæða fyrir verðhækkanir á næstunni. Fjallað er um þetta í hagkorni janúarmánaðar.

**MYND 1** Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / viðskiptahagkerfinu á Íslandi (EBIDTA) (Lv) og verðbólga, ársbreyting (LH)

**MYND 2** EBIDTA sem hlutfall af tekjum í viðskiptahagkerfinu

hagnaðarókonningu taplega 40% að raunverði á óimabli lífakárammingsins 2018-2022. Hlutfall rekstrarhagnaðar af tekjum fyrirtækja gefur hugmynd um álagningu þeirra á heildarkostnað. Meðlís það 17% á óimabli lífakárammingsins 2018-2022. Hlutfall rekstrarhagnaðar af tekjum fyrirtækja gefur hugmynd um álagningu þeirra á heildarkostnað. Meðlís það 17% á óimabli lífakárammingsins 2018-2022.

Heim | Um BHM | Efst á baugi

Frela | Överningar

## 60% aukning hagnaðar á verðbólguárinum

Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur

12. janúar 2023

Samkvæmt máti BHM jókst samanlagður rekstrarhagnaður fyrirtækja um 60% á árinum 2018-2022 á sama tíma og verðlag hækkaði um 20%. Rekstrarhagnaður fyrirtækja árin 2021 og 2022 er sá mesti á öldinni, hvort sem lítið er til hagnaðar á föstu verðlagi eða í hlutfalli við landsframléiðslu. Vísendingar eru um að aukinn hagnað megi að hluta skýra með hækkanu álagningu á verðbólguárinum. Hætt er við að launahækkanir verði notaðar sem tyllíástæða fyrir verðhækkanir á næstunni. Fjallað er um þetta í hagkorni janúarmánaðar.


### Mesti hagnaður á öldinni



# Skýr merki um aukna fákeppnisálagningu í verslun



Hvað ætla stjórnvöld að gera?






# Norskir og sænskir ráðherrar hafa kallað eftir skýringum

## Sænskar verslanir láta undan þrýstingi og lækka verð

Helstu matvörukeðjur Svíþjóðar hafa boðað verðlækkun á ýmsum nauðsynjavörum eftir harða gagnrýni. **Fjármálaráðherra landsins hafði áður boðað forstjóra fyrirtækjanna á sinn fund og krafist skýringa á verðhækkunum, sem eru langt umfram nágrannalönd.**

Alexander Kristjánsson  
30. mars 2023 kl. 20:53



## Krever svar fra Vestre om matpriser: – Tålmodigheten er slutt

Mye prat og lite handling, er Høyres dom over regjeringens matprispolitikk. Følg med i timen, svarer Ap.



Une Sotheim  
Journalist



Kristi Marie Skrede  
Journalist

Publisert 12. jan. kl. 16:30  
Oppdatert 12. jan. kl. 17:03

KREVER SVAR: Flere partier på Stortinget krever nå svar fra regjeringen på hvordan de skal sikre at matprisene går ned.

FOTO: HÅKON MOSVOLD LARSEN

# Hvað gera stjórnvöld á Íslandi?

BHM bendir á að matvörugátt stjórnvalda gerir lítið til að auka verðlagseftirlit og í raun gæti hún **unnið gegn samkeppni á markaði** þar sem matvörukeðjum er gert að upplýsa um verð sömu tilgreindu vörutegunda yfir tíma. **Gefur jafnvel tækifæri til verðsamráðs milli verslana.** Fjöldi vara er jafnframt hverfandi í samhengi við heildarfjölda vörunúmera. **Þessu verður að breyta.**

## Neytendur geta fylgst með verði í Matvörugátt

Hlutverk Matvörugáttarinnar er að bæta aðgengi almennings að upplýsingum um verð á neysluvörum.

Isak Guðniel Regni  
10. febrúar 2023 kl. 23:46,  
upptímt 11. febrúar 2023 kl. 06:05



Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðgjafi, og Sigrún Ósp Sigurjónsdóttir, forstöðumaður  
Rannsóknaseturs verslunarinnar og Katrín Jakobsdóttir, forsetisráðgjafi undirrita samninginn í  
Ráðherrabústaðnum. Mynd/Stjórnarráðið.

## Úr morgunblaðinu 15. mars 2023

Í kjarasamningum sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í desember 2022 var ákveðið að taka upp sameiginlegt verðlagseftirlit. Samningsaðilar hittast einu sinni í mánuði og bera saman bækur sínar **og til stendur að opna sérstaka matvælagátt á vefnum. Þar verður verð á vörum frá Bónus, Krónunni og Samkaupum birt.**

Einnig verður fylgst með eldsneytisverði og gjaldskráum bankanna. **Keðjurnar þrjár eiga að gefa upp verð á 83 tilgreindum vörutegundum einu sinni á sólarhring.** Markmiðið er að bæta upplýsingagjöf til neytenda til að auka samkeppni og ekki síður til að hemja verðbólguna



# Að lokum

# Málflutningur Félags atvinnurekenda er villandi



Ýmsum staðhæfingum hefur verið fleygt fram í opinberri umræðu um fjölda opinbers starfsfólks, hátt launastig í störfum þeirra og skorti á verðmætasköpun á opinberum markaði. **Í þessari umræðu er í flestum tilfellum farið rangt með hagtölur eða þær beinlínis vísvitandi settar fram með villandi hætti.** Þetta á m.a. við nýja skýrslu Félags atvinnurekenda frá Intellecon sem ber heitið “Er ekki bara best að vinna hjá ríkinu?”

## Satt og logið um opinbert starfsfólk

22. febrúar 2023

Umræða um störf og kjör opinbers starfsfólks hefur verið áberandi undanfarið. BHM hefur tekið saman sjö staðreyndir um málið.



Ýmsum staðhæfingum hefur verið fleygt fram í opinberri umræðu um fjölda opinbers starfsfólks, hátt launastig í störfum þeirra og skorti á verðmætasköpun á opinberum markaði. **Í þessari umræðu er í flestum tilfellum farið rangt með hagtölur eða þær beinlínis vísvitandi settar fram með villandi hætti.** Hér að neðan getur þú kynnt þér staðreyndir um opinbera markaðinn.



# Fjöldi opinbers starfsfólks er ekki óeðlilega mikill í sögulegu samhengi



Hann eykst í niðursveiflu en minnkar í uppsveiflu





**Hvað sýna myndirnar?**  
Fjöldi opinbers starfsfólks er nú um 30% af heildarfjölda starfandi sem er í takt við það sem vænta má á þessum stað í hagsveiflunni. Almenni markaðurinn hefur vaxið umfram hinn opinbera frá 2015. Í skýrslu Intellecton náði samanburðurinn til 2021 sem er ómarktækt ár í samanburði vegna áhrifa heimsfaraldurs

# Nær allir starf flokkar eru með lægri laun á opinbera markaðnum en almenna



Samanburður á meðallaunum alls milli markaða er þá ómarktækur enda menntastig miklu hærra hjá hinu opinbera



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

